

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/605
komudagur 9.12.2002

HOLLVINIR RÍKISÚTVARPSINS,

almenningssamtök til þess að efla Ríkisútvarpið sem sjálfstæða stofnun í eigu íslenska ríkisins
GRENIMEL 29 IS 107 REYKJAVÍK ÍSLAND

MENNTAMÁLANEFND ALÞINGIS
Alþingi
150 Reykjavík
nefndasvið@althingi.is

Samtökunum **HOLLVINIR RÍKISÚTVARPSINS** hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um að *menntamálaráðherra verði falið að láta gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um kostnað og tæknilega útfærslu á því að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl.*

Af greinargerð með tillögunni má ráða að áætlunina eigi að gera til þess að tryggja öllum landsmönnum góðan "aðgang að útsendingum Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps", bæði fólki í dreifðum byggðum landsins, Íslendingum erlendis og sjómönnum á farskipum og fiskiskipum.

Stjórn samtakanna **HOLLVINIR RÍKISÚTVARPSINS** fagnar því að gerð er áætlun um kostnað og tæknilega útfærslu á því að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl til þess að tryggja að Íslendingar, heima og erlendis, eigi greiðan aðgang að íslensku ríkisútvarpi og sjónvarpi, enda er það eitt markmið samtakanna að "stuðla að því Ríkisútvarpið geti sent út til allra landsmanna árið um kring", eins og segir í samþykktum þeirra.

Í lok greinargerðar með þingsályktunartillögunni segir: "Meðan ríkið stendur fyrir rekstri sjónvarps og útvarps og skyldar landsmenn til að greiða afnotagjöld verður að leita allra leiða til að koma sendingum þessara fjölmiðla til sem flestra Íslendinga."

Vegna þessara orða vill stjórn samtakanna **HOLLVINIR RÍKISÚTVARPSINS** benda á að megin-tilgangur samtakanna er að "efla Ríkisútvarpið sem sjálfstæða stofnun í eigu íslenska ríkisins."

Einnig vill stjórnin benda á að í þessum orðum flutningsmanna tillögunnar kemur fram sterkur rökstuðningur fyrir því að Ríkisútvarpið verði áfram sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins af því að ekki væri unnt að gera kröfu til útvarps- og sjónvarpsstöðva í einkaeign "að leita allra leiða til að koma sendingum þessara fjölmiðla til sem flestra Íslendinga."

Ísólfsskála við Stokkseyri, 5ta desember 2002

F.h. stjórn samtakanna **HOLLVINIR RÍKISÚTVARPSINS**



Tryggvi Gíslason